

## FÓLK Í FRÉTTUM

Úr hljóðverinu

# Í leit að fullkomnu popplagi

Síðustu tvö ár hafa ekki verið Sálarlaus. Þetta ár verður það ekki heldur. **Birgir Örn Steinarsson** hittir Guðmund Jónsson, manninn sem heldur Sálinni í þjóðlífinu.

PEGAR kviknar á deginum og í lífinu ljós hljótum við að vera hlusta á (þjóðar-) Sálina hans Jóns míns. Hljómsveitin er orðin það samvaxin þjóðinni að í dag er nánast hægt að fullyrða að allir Íslendingar sem einhverjum tókum hafa náð á tungumálinu hafi raulað eitthvert laga þeirra á ævi sinni. Ef tónlist þeirra gæfi frá sér einhvern lit þá væri það blái liturinn í íslenska fánanum.

Þó svo að hljómsveitin hafi ekki gefið frá sér breiðskífu stútfulla af nýjum lögum í fimm ár hefur hún líklega aldrei verið vinsælli en nú. Útgáfa safnplötunnar „Gullna Hliðið“ var best heppnaða hjartahnoð sem sveitin hefði getað fengið og eftir að sú tvíréttaða þjóðhöfðingjaglagaramáltíð hafði stökkbreyst í gull var ljóst að hjörtu hljómsveitarinnar og þjóðarinnar sló í takt.

Um síðustu jól deyfðu þeir félagar ljósin, kveiktu á kertunum, drógu út rauðvinsflöskuna og færðu okkur eftirréttinn. Lög þeirra voru færð úr spjörunum í náttloppana eina saman og þjóðin andvarpaði af sælu. Nú er afmælistíðinni lokið og komið er að því að taka upp pakkana. Í ár fáum við þann stóra frá hljómsveitinni.



Sálarmenn afklæða eitt laga sinna á órafmögnum tónleikum.

## Kunst að taka sér frí

„Þessar upptökur eru fyrir stóra plötu sem kemur út núna í haust,“ segir Guðmundur Jónsson, gítarleikari og aðallagahöfundur Sálarinnar. „Þetta verður fyrsta stóra hljóðversplatan í fimm ár. Við byrjuðum að undirbúa hana í janúar á þessu ári.“

Síðasta hljóðversplata þeirra félaga hét „Sól um nótt“ og var hún gefin út í október árið 1995.

„Við höfum auðvitað gefið út ný lög á safnplötum og á órafmögnum plötunni síðasta haust. Þannig að við höfum örugglega gefið út nægt efni til þess að fylla stóra plötu á þessum fimm árum. Þetta eru 12 – 13 lög hér og þar.“

Þó svo að platan verði ekki gefin út fyrr en í haust ætlar hljómsveitin að sleppa tveimur lögum út á safnplötuna „Svona er sumrið 2000“ sem kemur í verslanir 3. júlí.

Hafa þessar vinsældir síðustu tvö ár komið hljómsveitarmeðlimum á óvart?

„Já, þetta er búið að vera alveg með ólíkindum og kemur okkur mikið á óvart. Þetta er svipaður tími og þegar hljómsveitin var hve vinsælust, fyrir 7 – 8 árum. Þá vorum við meira unglingsband. Við höfum alltaf verið duglegir við það að spila en það er líka kunst að taka sér frí.“

Er það þá mikilvægur hluti af ferlinu?

„Já, sérstaklega þegar þú ert í 12 ára gamalli hljómsveit eins og við erum. Fyrstu 5 árin gáfum við út plötu á hverju ári og spiluum hverja helgi. Hljómsveitin hefur aldrei hætt. Við tókum okkur 1 – 2 ára pásu eftir þessi fyrstu 5 ár. Þá sprakk mórallinn og allt fór til fjandans svo við skildum áður en vinskapurinn slitnaði. Þessi ákvörðun að taka því rólega milli syrpa kom upp frá því.“

Það er öllum ljóst að eins miklar væntingar hafa sjaldan verið gerðar til Sálarpötu.

„Það er nokkurnveginn eins og þessi plata sem er að koma núna sé önnur platan okkar. Við erum að drepa úr stressi við það að fylgja eftir þessari velgengni.“

Viðtökurnar á nýjasta lagi hljómsveitarinnar eru þó það góðar að óhætt er að segja að útlitið sé gott. En það er aldrei verra að vera tilbúinn í slaginn.

„Við erum búnir að semja 18 lög núna þannig að það er úr nægu að velja, það hefur aldrei verið eins mikill kraftur í bandinu.“

Eins og áður kom fram semur Guðmundur flest lög en einnig eru þrjú nýju laganna eftir Jens Hansson, saxófóns- og hljómborðsleikara. Í gegnum árin hefur þó Sálín sýnt á sér margar hliðar og spratt sú djarfasta líklegast fram á plötunni „Þessi þungu högg“ þar sem lagasmíðarnar voru með örlítið öðruvísi sniði en áður. Hverju megum við eiga von á með þessari nýju skífu?

„Platan er bara á framleiðslustiginu þessa dagana,“ svarar Guðmundur og blaðamaður áttar sig á því að í rauninni getur enginn vitað hvernig afkvæmi sitt mun líta út fyrr en það er fætt. „Hún verður allavega jafn melódísk og aðrar plötur. Ástæðan fyrir því að „Þessi þungu högg“ var svo sérstök var sú að það var enginn einn sem samdi lög. Við mættum bara niður í æfingahúsnæði og fórum ekkert út fyrr en það var komið lag sem við höfðum djammað saman. Við gengum út frá því að hafa þá plötu rokkaða, þannig að önnur hljóðfæri fengu að víkja fyrir gítörunum í hljóðblönduninni. Á þessari plötu ætlum við að finna nýjan hljóð. Við erum alltaf að reyna aðsemja hið fullkomna popplag. Það hefur alltaf verið útgangspunktur þessarar hljómsveitar.“